

Við upphaf 7. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- samlagning að tugþúsund
- frádráttur að tugþúsund
- margföldunartafan 1-10 og margföldun með tugum
- deiling með tugum
- tugabrot + og -
- tugabrot margföldun og deiling með heilum tölum
- margfalda almennt brot með heilli tölu
- almenn brot. Samlagning og frádráttur heilla talna og samnefndra brota

Hlutföll og prósentur

- finna tiltekinn hluta af heild
- breyta prósentum í almenn brot
- reikni 10%, 25% og 50% af ákveðinni heild

Mynstur og algebra

- finni tölu sem x stendur fyrir í jöfnu, $2 * x + 3 = 11$ (röð aðgerða)
- víxlregla
- tengiregla
- dreifiregla

Rúmfræði og mælingar

- mæla horn með gráðuboga.
- reikna flatarmál og ummál rétthyrninga og þríhyrninga
- þekki reglur um ummál, flatarmál og ummál einfaldra hluta
- hornasumma þríhyrnings
- vinna með rúmmál og mæla rúmmál í ml
- teikna þríhyrning út frá gefnum stærðum
- finna punkta í hnitakerfi
- þekki breytileika þrjúra forma m.t.t. fjölda horna, flata og brúna

Tölfræði og líkur

- meðaltal og miðgildi
- líkur t.d. með teningum og fjölda
- kann skil á tíðnihugtakinu og kúrfu normaldreifingar

Við lok 7. bekkjar á nemandi að kunna skil á eftirfarandi:

Reikniaðgerðir og reiknikunnátta

- Samlagning og frádráttur að milljón
- Reikna með einföldum neikvæðum tölum (hitastig, sjávarmál og fleira)
- Forgangsröðun aðgerða 1) svigi 2) margf./deiling 3) plús/mínus
- Deiling með tugum
- Margfaldi og deili með eins stafs tugveldatölum í huganum ($50 * 700 - 20 / 800$)
- Tugabrot + og - (athuga stöðu kommu)
- Tugabrot margföldun og deiling með heilli tölu og tugabroti
- Almenn brot, samlagning og frádráttur heilla talna og samnefndra brota
- Almenn brot, lenging og stytting brota

Hlutföll og prósentur

- Finna hluta af heilum tölum t.d. $2/5$ af 20
- Reikna brot og prósentur af heilum stærðum
- Geti unnið með hlutföll t.d. uppskriftir og fleira

Mynstur og algebra


- Setja upp einföld föll og teikna gröf þeirra
- Sjá reglu út frá talnarunu $1 - 3 - 6 - 10 \dots$
- Kynnist því hvernig leysa eigi einfaldar jöfnur og auki skilning á því hvernig bókstafir eru notaðir til að tákna stærðir
- kynnist hugtökunum liðun og þáttun og dæmum um hvernig hægt er að einfalda stærður með beitingu þeirra

Rúmfræði og mælingar

- Reikna rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga
- Kynnast tengslum rúmmáls mælds í cm^3 og millilítrum og dm^3 og lítrum
- Kynnist rétthyrndum, jafnarma og jafnhliða þríhyrningum
- Mæli og teikni horn að næstu heilli gráðu
- Teikni þríhyrninga með gefnum stærðum
- Geti unnið með þvermál, geisla og pí (π)
- Finni samhverfuás, samhverfuflöt og snúningsmiðu í tvívíðum og þrívíðum hlutum

Tölfræði og líkur

- Kynnist hugtökunum meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi
- Kynnist því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur
- Safni gögnum, flokki þau og svari spurningum út frá þeim



Myllubakkaskóli

Vinum saman

Verkferill í stærðfræði

7. bekkur

„Við gerum þetta saman“

Ágætu foreldrar

Í þessum einblöðungi finnið þið þau stærðfræðiatriði sem börnin ykkar eiga að læra á þessu skólaári. Hér er einnig að finna verkferil sem fylgt er í kringum hvert kaflapróf.

Með þessu viljum við auka möguleika foreldra á virkri þátttöku í námi barna sinna. Það hefur margsýnt sig að með þátttöku foreldra aukum við til mikilla muna líkurnar á góðum árangri.

1. Innlögn

Innlögn á efnisatriði/atridum sett í leiðarbók. Haft er samband við forráðamenn þeirra nemenda sem gætu átt erfitt með að tileinka sér efnispættina. (3 - 4 vikur)

2. Gátlisti fyrir könnun

Nemendur og foreldrar fá gátlista viku fyrir könnun (5 virkir dagar).

3. Upprifjun

Fyrir hvert kaflapróf skulu vera tveir upprifjunartímar, jafnvel fleiri. Kennari metur þörf.

4. Könnun

Viðmið um árangur er eftirfarandi:

Yngsta stig 80%

Miðstig 75%

Unglingastig 70%(eða einstaklings-miðað).

5. Eftirfylgni

Haft er samband við foreldra þeirra nemenda sem ná ekki viðmiðum (miðar heim / verkefnabók).

Nemendur fá viku í upprifjun heima fyrir (og e.t.v. í skóla) áður en kannað er hvort að þau hafi náð að tileinka sér það sem upp á vantar.

6. Gagnabanki

rasmus.is

vefir.nams.is/stika

vefir.nams.is/unglingasidur

matematikonline.dk